

Tungusilungur ehf
Strandgötu 39
460 Tálknafjörður

Akureyri, 29. nóvember 2022
UST202107-207/S.R.B.
08.12.01

Ákvörðun um endurnýjun á starfsleyfi Tungusilungs ehf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Tungusilungs ehf. vegna endurnýjunar á starfsleyfi til landeldis á þremur staðsetningum í Tálknafirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um endurnýjun á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir eldi á bleikju þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 200 tonn og ársframleiðsla ekki yfir 200 tonn.

Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 22. nóvember 2038.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri